

Minnisblað
Hækkun á þjálfunarstyrk nema í Fjölsmiðjunni

Þjónustusamningur sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu og Fjölsmiðjunnar kveður á um að upphæð starfsþjálfunarstyrks til nema skuli ákvarðaður af þeim sveitarfélögum, sem aðild eiga að samningnum í september ár hvert fyrir komandi ár (4.1. gr.). Í samningnum er einnig kveðið á um að ákvörðun um jólabónus og aðra launaliði skuli tekin sameiginlega af sveitarfélögunum.

Ekki hefur verið farið eftir fyrrgreindu ákvæði og hafa laun nemanna verið óbreytt frá ársbyrjun 2008, auk þess sem upphæð starfsþjálfunarstyrks hefur verið breytileg eftir sveitarfélögum. Fulltrúar sveitarfélaganna, framkvæmdastjóri Fjölsmiðjunnar og framkvæmdastjóri SSH hafa fundað vegna málsins, sbr. 4.1. gr. þjónustusamningsins. Í framhaldi hafa fulltrúar sveitarfélaganna sameinast um tillögur að viðmiðunarupphæð þjálfunarstyrks.

Lagt er til að starfsþjálfunarstyrkur nema taki mið af kjarasamningi Eflingar og Sambands íslenskra sveitarfélaga, launaflokki 115 og verði ákveðið hlutfall af honum; laun 16 og 17 ára 45% og laun 18 ára og eldri 65%. Tillagan felur í sér að starfsþjálfunarstyrkur til yngri nemanna hækkar um 5% og til hinna eldri um 18%, sjá eftirfarandi töflu:

Aldur nema	Laun í mars			Tillaga			Breyting í %
	Tímakaup	Dagurinn	Mánuður	Tímakaup	Dagurinn	Mánuður	
16 og 17 ára	568	3.692	79.993	596	3.874	83.935	5%
18 ára og eldri	730	4.745	102.808	861	5.597	121.255	18%

Þá er lagt til að jólabónus sem verið hefur 20 þúsund krónur verði óbreyttur en í stað þess að hann sé hlutfall af vinnu nema allt árið þá taki hann mið af vinnuframlagi tímabilið 1. september – 30. nóvember viðkomandi árs.

Kostnaður Garðabæjar vegna Fjölsmiðjunnar árið 2014 var eftirfarandi:

Styrkur vegna verkþjálfunar og námsstyrks (föst upphæð)	627.750
Styrkur vegna húsaleigu (föst upphæð)	980.052
Vinnulaun	4.452.684
Samtals	6.060.486

Fjöldi nema frá Gbr 2014	
jan	6
febr	8
mars	6
apríl	6
maí	5
júní	5
júlí	5
ágúst	5
sept	3
okt	3
nóv	3
des	3

Óvenju mikið var af nemum frá Garðabæ á sl. ári. Fjöldi nema í Fjölsmiðjunni það sem af er 2015 var 3 í janúar, 2 í febrúar og 2 í mars. Árlegur kostnaðarauki pr. nema 18 ára og eldri yrði miðað við meðaltal sl. árs ca. Kr. 165.000 pr./ár.

Lagt er til að nemalaun hækki frá og með 1. sept. 2015
Erindinu er vísað til afgreiðslu bæjarráðs Garðabæjar.

Bergljót Sigurbjörnsdóttir,
félagsmálastjóri

